

MINNISBLAÐ HEILLASPOR
„OPNI SKÓLINN“
HVER ER HUGMYNDIN OG FERLIÐ



Sigurður Arnar Sigurðsson
GRUNDASKÓLI

Heillaspor - Opni skólinn – skólaverkefni í Grundaskóla

Formáli

Skólaárið 2020-2021 varð skólinn fyrir miklu áfalli þegar rýma þurfti um 2/3 hluta skólahúsnæðis eftir að loftgæðavandamál komu upp. Stokka þurfti upp allt skólastarf á nokkrum dögum og rýma skólahúsnæðið. Kennsla var færð í húsnæði utan skólans og á þessum tíma starfaði skólinn vikum saman á 7-8 stöðum um allan bæ. Vandamálið var svo stórt að unnið var nótt sem dag að endurskipuleggja skólastarfið sem og að ákveða hvernig bregðast ætti við til framtíðar.

Hautið 2021 samþykkti bæjarstjórn tillögur skólafólks um stórfeldar endurbætur og skipulagsbreytingar. Þessar hugmyndir komu fram í framhaldi af því að miklar skemmdir og loftgæðavandamál komu fram í húsnæði skólans. Umfangsmiklar rannsóknir fóru fram á húsnæðinu og hugmyndavinna varðandi framtíðarsýn skólastarfs á svæðinu. Niðurstaðan varð að Grundaskóli yrði endurbyggður út frá nýjum hugmyndum. Ferlið var m.a. kynnt á opinberum fundi þar sem bæjarstjóri, skólastjóri Grundaskóla og ftr. Andrum arkitektarstofu kynntu hugmyndirnar.

Sjá:

<https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/framkvaemdir/husnaedismal-grundaskola-6.9.21.pdf>

<https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/framkvaemdir/210906-grundaskoli-endurbaetur-c-alma-og-stjornun.pdf>

Skólastjórn Grundaskóla stóð frammi fyrir miklum vanda þar sem einn fjölmennasti skóli landsins var nánast á götunni. Á sama tíma var nokkur endurnýjun í starfsmannahópnum þar sem forgöngumenn voru að hætta störfum vegna aldurs og nýtt fólk var að koma inn í þeirra stað. Ákveðin hætta var á að rof myndaðist í stefnumiðum og kennsluháttum.

Valkostirnir voru í raun bara bara tveir;

- að gefast hreinlega upp eða
- blása til sóknar eða snú miklu áfalli í sóknartækifæri fyrir skólann.

Skólastjórnendur kynntu skólasamfélaginu að blásið yrði til sóknar. Horft er á ferlið sem eitt stórt þróunarverkefni og breytingaferli. Hugmyndin er að láta endurbyggingu á skólahúsnæði haldast í hendur við breytingar á starfsskipulagi. Í upphafi gekk hugmyndin undir verkheitinu „Heillaspor“ og

var þrískipt. Þriðji liðurinn, langtímahugsun – Uppbygging og lausnir í skólastarfi, var einnig skipt upp í þrjá undirliði þ.e. inngang, flugtak og flug.

Skólastjórnendur skiptu ferlinu (Heillaspor) í þrjá megin þætti:

A: Björgunaraðgerðir, flutningur, flokkun, sótthreinsun og eyðing.

B: Fyrstu aðgerðarskref – ráðist skipulega í endurbætur.

C: Langtíma hugsun – Uppbygging og lausnir í skólastarfi

Þessi þriðji liður snýr að innra skipulagi skólans og kennslufræðilegum áherslum. Undirflokkar C liðar eru þír í skipulagi skólastjórnar yfir ca. fimm ára tímaáætlun frá 2021-2026.

1. Markvissar endurbætur á öllu húsnaði sem tækju mið af nýjum áherslum.
2. Breytt stjórnskipulag fyrir skólann og nýtt starfsskipulag þar sem aukin áhersla var lögð á umsjónarkennarakerfi og teymishugsun – liðsuppstilling.
3. Nýjar kennslufræðilegar áherslur – Uppstokkun á allri stoðþjónustu - Opni skólinn, byggt á sögulegu samhengi.

Sögulegt samhengi:

Á upphafsdögum skólans þá var skólastarf Grundaskóla þekkt fyrir að leggja áherslu á starfshætti kennt við Opna skólann. Áhersla var á þemabundna starfshætti og valskipulag í öllum árgöngum. Með árunum hafa þessi sérkenni minnkað og skólinn færst yfir í hefðbundið starfsskipulag. Ný skólastjórn tók við árið 2016 og frá þeim tíma hefur verið lögð aukin áhersla á að færa áherslur skólans nær því sem í upphafi var gert sbr. áherslur um breytta kennsluhætti á unglingastigi.

Merkin tvö

Grundaskóli hefur átt tvö skólamerki í gegnum söguna. Bæði merkin eiga að endurspegla stefnumið skólans. A. Uppfalega merkið sem var rauður hringur með barn í miðjunni. Barnið átti að vera miðdepill starfsins og hringurinn vísaði til þess að starfið var opið og fjölbreytt. Að ósk nemenda á unglingastigi samþykktu skólastjórnendur að taka upp nýtt merki sem samræmdist betur heildstæðum skóla frá 1.-10. Bekk en með sömu sýn og áherslum.

Seinna merkið b. var ætlað eins og fyrr segir að fanga sömu sjónarmið. Lögunin er g og s sem vísar í nafn skólans. Myndin markar einng tré eða plöntu. Tilvísunin er annars vegar að hér eru nemendur sem eru að vaxa og þroskast. Hlutverk skólans er að styðja við nám og þroska hvers barns. Hins vegar er tilvísun í skólahverfi Grundaskóla sem ber nöfn trjátegunda eða tilvísun í náttúruna sbr. Bjarkagrund, Víðigrund, Grenigrund, Lundahverfi, Skógahverfi o.s.frv. Það sem sameinar hér er hugmyndafræðilega sýn á stöðu barnsins og hlutverk skólans gagnvart því.



Hugmyndin um „Opna skólann“

Opni skólinn er kennsluaðferð, þverfagleg nálgun eða skólastarf sem einkennist af miklu frelsi, sveigjanleika og persónulegri aðlögun að þörfum nemenda. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði og virkni nemenda og skólafólks. Hugmynd skólastjórnar er að breyta stoðþjónustu skólans þannig að starfshættir hennar mótist af þessari sýn umfram annað. Jafnframt verður reynt að efla þematengda vinnu sem innan skólans hefur stundum verið nefnt „breyttir kennsluhættir“. Skólastjórn skólans hefur auk þessa lagt áherslu á að styðja markvisst við stöðu umsjónarkennarans og markvissa teymisvinnu. Allir verkferlar voru yfirfarnir, sérstök teymisþjálfun tekin upp og málum fylgt betur eftir með skilgreindu verklagi frá umsjónarkennara og um stoðþjónustu skólans.

Nokkrir lykilþættir sem einkenna Opna skólann eru:

- Sveigjanlegt námsumhverfi, nemendamiðuð kennsla, áhersla á samvinna og samskipti, verkefnamiðuð nám, þverfagleg nálgun – opin námsaðlögun, áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæð vinnubrögð.

Hvað hefur verið gert í Grundaskóla frá því að verkefnið hófst árið 2020.

1. Að skapa sveigjanlegt námsumhverfi:

- Unnið er að hönnun á námsrýmum sem á að vera fjölbreytt og hvetja til sjálfstæðrar vinnu, hópvinnu og upplifunarnáms. Rýmið er að nokkrum hluta opið, bjart og skiptist í ólíkar vinnustöðvar.
- Bókasafni hefur verið breytt í vinnuver og valstofur opnaðar.
- Bókakosti skipt út fyrir nýjan í vinnuveri
- Allar bekkjarstofur eru vel útbúnar og ættu að stuðla að fjölbreyttum starfsháttum. Húsgögn endurnýjuð, tækjakostur bættur o.m.fl.
- Öflug teymisvinna í öllum árgöngum og markviss teymisþjálfun fyrir alla. Sérstök áhersla hefur verið lögð á jálfun starfsmanna en einnig vinnuferli nemenda sbr. áherslur um breytta kennsluhætti.
- „Fjórða kennara kerfi“ innleitt í flestum árgöngum. Það felst í að auka kennari er settur inn í flest teymi til að minnka fjölda nemenda í hverjum námshópi eða brjóta upp verkskipulag.
- Tækniþróun og tækjakostur.

2. Styðja við einstaklingsmiðað nám:

- Áherslum í stoðþjónustu skólans hefur verið breytt.
- Dregið hefur verið úr læknisfræðilegri nálgun og stutt hefur verið markvisst við félagsfræðilegar áherslur.
- Áfram er unnið að því að þróa breytta kennsluhættir sbr. á unglingastigi.
- Mikil gróska er í valkerfi skólans þar sem mikill sveigjanleiki er í verkefnavali t.d. á örnámskeiðum. Nemendur fá tækifæri til að velja og þróa hvernig þeir vilja leysa verkefni sem fyrir liggja.
- Þróun á tengiliðastarfi eftir að farsældarlög tóku gildi.
- Aukin áhersla á fjölbreytni í starfsmanna hópi sbr. fjölgun tómstunda og félagsfræðing o.s.frv.

3. Áhersla á leiðsögn:

- Ftr. skólans tóku þátt í Quint rannsókninni og skólinn hefur reynt að draga lærdóm af niðurstöðum. Quint rannsóknin er samnorrænt verkefni um skipulag og verlag í kennslustundum.
- Áhersla er á að búa til umhverfi þar sem spurningar nemenda eru í forgrunni og auka virkni þeirra og sjálfstæði í námi.
- Fagaðilum fjölgað og þeir vinna á „gólfinu“ og áhersla á virkt samstarf við nemendur.
- Kennslufræðileg ráðgjöf efld fyrir kennara og fagaðila.
- Áherslum tvískipt tengt skipulagi stoðþjónustu; Annars vegar forvarna og lausnateymi og hins vegar nemendaverndarráð.

4. Þróa verkefnamiðað og þverfaglegt nám:

- Verkefnamiðað nám (e. project-based learning) gefur nemendum tækifæri til að kafa djúpt í raunveruleg viðfangsefni sem tengjast ólíkum námsgreinum. Verkefni sem samþætta margar greinar, eins og náttúrufræði, samfélagsfræði og listir.
- Unglingastigið hefur náð bestum árangri á þessu sviði en áhugi er á að útfæra þá vinnu frekar.
- Verkefnavinna ætti að vera hagnýt, skapandi og byggja á því að nemendur vinna saman til að leysa vandamál eða búa til einhverja afurð.
- Ráðist í mörg stórverkefni sem byggja á teymis og þematengdum áherslum. Hér má nefna kvikmyndagerð, söngleikjahald, vetrarnætur o.fl.

5. Auka þátttöku og samstarf nemenda:

- Skapa þarf umhverfi þar sem nemendur geta haft samskipti sín á milli og unnið saman.
- Uppsetning söngleikja er fastur viðburður auk kvikmyndagerðar.
- Þetta getur falið í sér að nemendur vinni í hópum, en einnig að þeir taki þátt í lýðræðislegu skólasamfélagi þar sem skoðanir þeirra og tillögur eru virtar. Hér má t.d. nefna verkefnið krakkar með krökkum, barnaþing o.m.fl.

- Allir árgangar hafa bekkjarfundi. Markmiðið er að efla lýðræðislega virkni nemenda í að taka þátt í ákvarðanatöku um eigin nám, þróun verkefna og skipulag skólstarfsins.

6. Nota skapandi og gagnrýna hugsun sem leiðarljós:

- Áhersla er lögð á að byggja upp náttúrfræði og áherslur á umhverfistengt nám s.s. útikennslu.
- Kennarar fá leiðsögn í náttúrufræðikennslu þar sem námsgreinum er bandað saman og áhersla lögð á virka teymisvinnu.
- Unnið er að mótun þróunarverkefna tengt umhverfishugsun og sérstöku UNESCO verkefni.
- Mikil áhersla er á vöxt listgreina og blöndun milli greina. Dæmi um þetta er smíðja, kvikmyndagerð, hlaðvarp o.fl.
- Áhersla lögð á að virkja nemendur í að búa til nýjar námsleiðir og rjúfa mörk bóklegra og verklegra námsgreina með þematengdum vinnubrögðum.

7. Veita endurgjöf og styðja við þróun:

- Endurgjöf á að vera byggð á ferlinu frekar en eingöngu á lokaafurðinni. Með því að veita uppbyggjandi endurgjöf á meðan á verkefnavinnu stendur, getur skólinn hjálpað bæði nemendum og starfsfólki skóla í að bæta sig og aðlaga vinnubrögð sín.
- Mikilvægt er að endurgjöfin styðji við námshvatningu og sjálfsálit nemenda, og að hún sé persónuleg og leiðbeinandi frekar en gagnrýnandi.
- Dæmi um þetta eru nemendastýrð vitnisburðarviðtöl, líðan viðtöl o.s.frv.

8. Skapa jákvætt og hvetjandi skólaandrámsloft:

- Unnið hefur verið með teymiþjálfun fyrir allt starfsfólk skólans
- Sérstakt ráðgjafar- og lausnateymi vinnur að því að styðja markvissa starfshætti.
- Samkvæmt könnunum er ríkjandi góð og uppbyggjandi menning í skólanum og allir hópar skólasamfélagsins eru á sama máli varðandi þá niðurstöðu.
- Hugmyndin er að þróa innra gæðamat þar sem allt skólasamfélagið leggur saman við að meta stöðuna og hvað er hægt að gera betur. Að reyna að læra af hvert öðru og byggja á gildum skólans Samvinnu, Trausti og Virðingu.

9. Faglegt samstarf og þróun kennara:

- Fundaskipulag og stjórnun miðast við að efla þverfaglegt samstarf í skólanum.
- Námskeið og endurmenntun skólans miðar að því að efla þá starfshætti í öllum teymum skólans.
- Teymi í vanda hafa fengið þjálfun og sérstakan stuðning.
- Áhersla lögð á að efla almenna starfsmenn sem hluta af skólaheildinni.
- Hálfleikræður stjórnenda taka mið af því sem er gott og því sem við viljum gera betur. Hálfleiksræða er ræða skólastjóra sem er einskonar nýársávarp en fjallar um það sem hefur verið gert og einnig það sem er framundan í skólastarfinu.
- Foreldrastarf hefur verið eflt, markviss upplýsingaveita út í skólasamfélagið.
- Tilraun gerð með að breyta um samskiptakerfi. Hvíla Mentor og prófa Weduc. Metaðarfull tilraun sem heppnaðist að mörgu leyti vel en stoppaði þar sem samstarfsaðili í Bretlandi taldi skólann vera of litla einingu til að þjónusta landið.
- Áhersla á að sækja samnefnara og heild í stað þess að elta einstakar stefnur.

Heildarverkefni 2021-2026 (Inngangur) – (Flugtak) - (Flug)

Undirverkpáttum C liðar skólans er skipt upp og skipulagt í þrjú megin stig eins og fyrr er getið. Það er; Inngang, Flugtak og Flug. (Sbr. Fullan kveikja (e. initiation), innleiðing (e. implementation) festing (e. institutionalisation).)

Til útskýringar er verkefnið hugsað í myndlíkingum og nafngiftin tekur mið af því. Vinnuheitið „Heillaspor“ kemur þar sem stjórnendur töldu nauðsynlegt að bregðast við ytri aðstæðum í samfélaginu. Í fyrsta lagi breyttu samfélagi, kröfum til skólans, vaxandi kostnaði, nýjum kröfum, nýjar reglur, lagasetning o.s.frv. Í öðru lagi þá hafa samfélagsbreytingar haft mikil áhrif á nemendur og námsferlið. Skólastjórnendur töldu mikilvægt að endurskoða allt námsskipulag til að mæta nemendum og þörfum þeirra. Í þriðja lagi er mikilvægt að bregðast við þeirri staðreynd að skólastarfið

var í upplausn vegna húsnæðismála og tími/tækifæri til að ráðast í breytingar til framtíðar. Að bregðast við er í þeirri merkingu „heillaspor“ fyrir nemendur og skólasamfélagið allt.

Heitið á undirflokkunum þremur; inngangur, flugtak og flug er einnig hugsað myndrænt. Ekki eru allir sem hugsa um það þegar þeir fara í flug hversu mikil vinna og undirbúningur liggur á bakvið umrædda flugferð. Hönnun flugvélar, flugbrautar, allt starfsfólkið sem vinnur að undirbúningi, skipulag, flugáætlun o.s.frv. Skipulag skólastarfsins er sambærilegt ferli. Mikilvægt er að huga vel að stefnumörkun, þjálfun starfsfólks, samstillingu allra verkþátta inna skólasamfélags til þess að nemendum okkar líði vel og þroskist á umræddri vegferð. Mikilvægt er að kerfið sé mótað fyrir alla en ekki bara þá sem t.d. kaupa farseðla á fyrsta farrými. Greiningar eiga t.d. ekki að vera lykill að bættri þjónustu sbr. stoðþjónustu. Markmiðið er að bæta þjónustu og stuðning við nemendur eftir líðan og stöðu að mati fagfólksins sem vinnur með unga fólkinu. Greiningar eru aðeins hluti af því mati en ekki útgangspunkturinn. Hér er lykill að hafa ákveðna velferðarhugsun að leiðarljósi sem nær til allra nemenda. Að umsjónarkennarar og annað skólafólk innleiði nýtt verklag og námsskipulag sem hefur hugsun inngildingar að leiðarljósi.

Heildarverkefnið miðar að því að grunnþjónusta skóla eflist og sinni í raun því sem skólastarfinu er ætlað að sinna. Þetta stóra skólaverkefni (stjórnunar- og þróunarverkefni) tengist einnig innra gæðamat skóla og þeirri stefnumörkun sem m.a. er mörkuð í menntastefnu og meðfylgjandi lögum og reglugerðum. Menntastefnan er í þessari samlíkingu flugplan sem við höfum öll samþykkt og stefnum að með störfum okkar í skólakerfinu.

Tímaáætlun skólastjórnar í þessu verkefni nær yfir u.þ.b. fimm ár þ.e. frá 2021-2026.

A) Inngangur (verkefni í framkvæmd 2021-2023)

B) Flugtak (er á dagskrá 2024-2025) styrkur frá Sprotasjóð/Mrn

C) Flug (Flugáætlun 2025-2026)

Verkhylutar ná á tímaás frá árinu 2021 til ársins 2026 eða heildarverkefni til a.m.k. fimm ára. Hér er um ákveðið ferli sem flokkast undir breytingastjórnun. Vinna þarf markvisst með öllum aðilum skólasamfélagsins til að ná árangri.

Inngangur (A hluti verkefnis var unnin 2021-2023)

Fræðilegur undirbúningur fyrir heildarverkefnið hófst á árunum 2020-2021. Í framhaldi af SVÓT vinnu með öllum starfsmönnum skólans, vinnufundum með stjórn foreldrafélags, með skólaráði og málþingi nemenda. Ákveðin lykilatriði voru tekin út til frekari úrvinnslu. Jafnframt var endurtekin viðtalsrannsókn frá árinu 2013 með foreldrum barna sem njóta stoðþjónustu skólans. Undirbúningur tengist einnig beint innleiðingu farsældarlaga og innri gæðamatsvinnu skólans.

Í þessu ferli var meðal annars var farið yfir fyrri áætlanir, skýrslur og árangur metinn. Hvar er skólinn staddur og hver er stefnan? Hver eru grunngildi Grundaskóla? Eins og fyrr er getið tók þessi vinna m.a. mið af M.ed. ritgerð og rannsókn á stoðþjónustu Grundaskóla frá árinu 2013 en þá kom í ljós að foreldrar barna sem nutu sérstaks stuðnings frá stoðþjónustu skólans voru óánægðari með þá þjónustu en foreldrar annarra barna.

Sjá fylgiskjal A.

<https://skemman.is/bitstream/1946/16056/1/SAS%20M.ed.%20verkefni%202013.pdf>

Ákveðið var að endurtaka viðtalsrannsókn frá 2013 og gera samanburðarrannsókn árið 2020. Til að gera langt mál stutt þá kemur í meginatriðum sama afstaða fram hjá foreldrum barna sem njóta stuðnings stoðþjónustu skólans og birtist árið 2013. Með öðrum orðum þá virðast verk hættir í stoðþjónustu skólans enn miðast við læknisfræðilega/klíníska nálgun en ekki félagsfræðilega eins og almennt gerist með aðra kennslu.

Einnig má greina að áherslur stoðþjónustunnar hefur mikil áhrif á skipulag þess sem við köllum almenna kennslu í einstökum bekkjum. Grunnhugmyndin er að byrja á að ná fram breytingum á stoðþjónustu sem síðan mun leiða til umfangsmeiri breytinga á heildarkerfinu.

Margt hefur vissulega breyst á þessum tíma en þrátt fyrir gildandi menntastefnu og góð áform virðist stoðþjónusta skólans hafa sogast á ný í annan farveg en ætlað er. Bæði virðist innra skipulag sem og ytra tengslakerfi stoðþjónustunnar sitja fast í farvegi klínískrar aðferðarfræði. Þá er eins og það gæti ákveðinnar íhaldssemi að breyta. Þrátt fyrir góð áform og þróunarstarf virðist starfið togast aftur í sama farveg.

Til marks um það er að:

- Um 35% barna skólans hafa greiningu eða hafa sótt um greiningarferli. Til samanburðar er þessi tala um 16% á Íslandi, 5,4% á Norðurlöndum og 4,5% í Evrópu. Þessi ásókn er svo há að samlíking finnst vart á öðrum stað þannig að við Íslendingar eru hreinir útlagar í tölfræði hvað þetta varðar.
- Biðlisti eftir greiningu er nú tvö til þrjú ár í Grundaskóla. Samtals var biðlistinn um 60 nemendur í upphafi skólaárs 2023-2024.
- Stuðningstímar í stoðþjónustu/kennslutímar í stoðþjónustu og fjöldi starfsfólks og fagaðila í stoðþjónustu hefur fjölgað langt umfram fjölgun nemenda á umræddu tímabili.
- Afstaða foreldra hefur lítið breyst frá 2013 þrátt fyrir stóraukna þjónustu skólans.
- Sú trú virðist enn útbreidd að með skilgreindum greiningum fáið betri stoðþjónusta. Það sem er kannski merkilegast er að stoðþjónustukerfið (stoðþjónusta skóla, greiningaraðilar á 3ja stigi s.s. Ráðgjafa- og greiningarstöð) sjálf virðist halda það einnig.
- Skólafólk, fagaðilar og foreldrar virðast enn halda að aukið fjármagn komi inn til skóla og sveitarfélaga með skilgreindum greiningum.
- Árið 2013 snerist umræða foreldra mikið um ADHD greiningar. Árið 2021 er sama uppi á tengingum en nú er áherslan einnig á litróf einhverfu.
- Hlutfall greininga hjá nemendum samræmast þessum hugmyndum.
- Svo virðist sem margir foreldrar líti ekki á grunnstoðþjónustu skóla og sveitarfélags sem sérstaka þjónustu heldur sækir í greiningar með væntingum um að fá eitthvað meira. Fá auka þjónustu því grunnþjónustan sé sjálfgefin fyrir alla nemendur.
- Að sama skapi má greina að skólafólk og fagaðilar hafa væntingar um að formlegar greiningar skili auknu fjármagni eða auknum starfskrafti.

Viðbrögð og úrvinnsla skólastjórnar eftir þennan inngang (fyrsta hluta heildarverkefnisins) var að skilgreina fyrstu viðbrögð og ræða verkþætti í áætluðu þróunarvinnu fyrir annan hluta (Flugtak). Í þessari úrvinnslu var sótt til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla varðandi námskeið fyrir alla starfsmenn tengt teymisvinnu.

Í byrjun var könnun lögð fyrir einstakar starfsheildir um teymisvinnu. Hvernig viðkomandi skildi hugtakið (teymisvinna). Hvert væri mat viðkomandi hóps á árangri teymisvinnunnar o.s.frv. Á sama tíma voru starfsmenn spurðir út í sýn þeirra á teymisvinnu annarra teyma, foreldrar voru spurðir úti

teymisvinnu kennara barna sinna, almennir starfsmenn og fagaðilar voru spurðir o.s.frv. Þessar upplýsingar voru keyrðar saman og teknar fyrir á fundi.

Niðurstaðan var í stuttu máli á þá vegu að á fimm stiga kvarða mátu flest teymin sjálfan sig á öðru hæsta stigi. Kennarahópar mátu samstarf annarra teyma (sem þeir sjálfir tóku ekki beinan þátt í) á miðju svæðinu. Ef foreldrar og nemendur voru spurðir þá svöruðu þeir að sömu teymi væru jafnvel undir meðallagi út frá þeirra sjónarhorni. Með öðrum orðum þá hafði skólasamfélagið ekki sama skilning eða mat á stöðu teymisvinnunnar. Einnig mátti greina afstöðumun á milli almennrar kennslu og stoðþjónustu.

Sérfræðingar voru ráðnir til ráðgjafar og aðstoðar. Fræðslufundir voru haldnir fyrir alla starfsmenn þar sem fræðst var um mikilvægi teymisvinnu og í hverju hún fælist. Allir starfsmenn Grundaskóla fóru í einskonar vinnubúðir um teymisvinnu. Niðurstöður könnunar voru ræddar og tillögur lagðar fram um hvað starfsfólk gæti gert betur. Þrír vinnufundir voru haldnir með hverju teymi skólans (alls 13 teymi). Aðferðir og ráðgjöf tengt markþjálfun var nýtt til að styðja einstaklinga og einstök teymi.

Vinnuferlið var kynnt fyrir stjórn foreldrafélags skólans, skólaráði og skólasviði Akraneskaupstaðar.

Hvert teymi hélt síðar kynningu á störfum sínum og sagði frá verkefnum sem hefðu heppnast vel og flokkast undir fyrirmyndar teymisvinnu. Í starfsmannasamtölum var rætt um óskir og hugmyndir fyrir næsta skólaár þannig að teymisvinna skólans styrktist í sessi og skilaði sem mestum árangri.

Stjórnskipulag skólans var skoðað niður í kjölinn og öll hlutverka- og verkaskipting endurskoðuð með hliðsjón af gildandi menntastefnu. Áhersla var lögð á að bregðast við ábendingum og virkja grunnvinnuna. Kennslufræðileg ráðgjöf var styrkt og ráðgjafar og lausnarvinna styrkt stórlega.

Jafnframt var skrifstofa skólans endurskipulögð og áhersla lögð á að bæta þjónustu bæði innan hús og einnig við foreldra og nemendur. Ráðist var í að innleiða rafrænt skjalakerfi (workpoint).

Allir biðlistar að þjónustu voru endurskoðaðir. Rætt var við foreldra og nemendur, rökstuðningur tilvísana athugaður og farið yfir undirbúning tilvísana. Niðurstöður þessarar vinnu var m.a. sú að skoðum leiddi í ljós að ríflega 30% biðlistans væri óraunhæfur. Að greining myndi ólíklega skila öðru en því sem nú þegar væri ljóst og lausnleiðir lægju þegar fyrir. Eftir góða umhugsun og umræðu innan skólasamfélagsins var ákveðið að leggja upp með breytt fyrirkomulag.


Inngangsvinna verkefnisins leiddi m.a. í ljós ákveðnar skýringar á því af hverju stoðþjónustan væri í þeim farvegi sem raun ber vitni þrátt fyrir önnur áform og gildandi menntastefnu. Skólastjórn ákvað í

samstarfi við starfsfólk og skólasamfélag að huga betur að grunnvinnu með áherslu á inngildinguna allra verkþátta. Jafnframt var lagt upp með hugmynd að nýju verklagi skólans varðandi innleiðingu farsældarlaga s.s. varðandi tengiliði og virkni umsjónarkennara varðandi slíka vinnu.

Vinna við nýtt gæðaeftirlit var hafið þar sem markviss grunnskráning var sett á svokallað „grænablað“. Í framhaldinu hófst vinna við „Vegvísi“ sem ráðgjafar vinna með stöðuna og næstu skref. Hér hefur verið byggt á Evrópusamstarfi sem nefnt hefur verið IDEA verkefnið.

Árið 2023 var starfskipulagi breytt og nýtt verklag undirbúið. Breytingar taka mið af hugmyndavinnu innan og utan skólans. Allir aðilar eru sammála í þessari vegferð og um mikilvægi vinnunnar. Með öðrum orðum er öll skólaheildin um borð og flugtak er undirbúið sbr. myndlíkinguna hér á undan.

Sjá nýtt starfskipulag



Flugtak

Umsókn um styrk í Sprotasjóð snerist um annan undirverkpátt verkefnis Grundaskóla, „Flugtak“ og er á dagskrá 2024-2025. Þessi páttur verkefnisins er umfangsmikill og nær til margra þátta.

Í þessum öðrum hluta er markmiðið að vinna úr því sem mótað var í fyrsta hluta verkefnisins og þróa nýjar leiðir þar sem vægi klínískrar nálgunar viku fyrir félagslegum aðferðum og inngildandi aðferðarfræði í samræmi við menntastefnu yfirvalda.

Flugtaksþátturinn mótast af eftirfarandi:

- Efla og styrkja faglega teymisvinnu í skólanum.
- Þróa hefðbundna sérkennslu fyrir einstaklinga yfir í fræðslu og námskeiðakerfi sem nær til allra nemenda út frá áhugasviði og getu.
- Skapa góðan og nærandi jarðveg og vinna með sjálfstraust skólafólks til að innleiða breytingar.
- Mynda togkraft þannig að stoðþjónusta skólans mótist af inngildandi verkþáttum sem stuðla að aukinni farsæld.
- Áhersla er á grunnvinnu umsjónarkennara og að auka vægi grunn- og fagþjónustu skóla.
- Vinna með fræðslu til alls skólasamfélagsins. Markviss frétttaflutningur úr skólastarfinu á miðlum skólans.
- Fræðsla aukin út í foreldrasamfélagið sbr. fyrirlestra sálfræðings á netinu, ráðgjafatíma hjá Sálstofunni fyrir alla nemendur o.s.frv.
- Virkt samstarf við foreldra með beinum tengingum. Dæmi að umsjónarkennarar hringi í foreldra og flytji fréttir af skemmtilegum og uppbyggilegum fréttum og samstarfi. Að bein, opin og milliliðalaus umræða sé tekin með foreldrum og nemendum. Með öðrum orðum er reynt að brúa gap milli heimilis og skóla eins og kostur er.
- Nýtt hlutverk foreldratengiliðar í skólanum.
- Þróa nýtt verklag í stoðþjónustu sem nefnt er skimun. Í stað beiðna um greiningu er stefnt á að innleiða skimunarferli sem nær til allra nemenda.
- Byggt er á styrkleikum nemenda og grunnur námsskipulags mótaður út frá því. Áhersla er á snemmtæk inngrip, aukið samstarf heimilis og skóla, bætt skráningarform á 1. stigi (þróun græna blaðsins) og markvissa lausnaleyti (þróun vegvisis og ráðgjafar).

- Að innleiða nýtt verklag sem einkennist að velferðarhugsun fyrir alla nemendur. Í þeirri innleiðingu er umsjónarkennari lykilhlekkur ásamt markvissri ráðgjöf.
- Í þessum áfanga er stefnan að þróa nýtt stoðkerfi í fjölmönnum skóla sem byggir á áherslum inngildingar í samræmi við gildandi menntastefnu. Í stað klínískrar nálgunar er horft til þess sem kallað er „Opni skólinn“ – nálgun Grundaskóla.
- Stefnan er að verkþættir Opna skólans vaxi og nái með tímanum inn í allt skólastarf skólans.
- Kalla inn utanaðkomandi ráðgjafa og sérfræðinga í stjórnun og kennslufræði til að styrkja ferlið og undirbúa „flugáætlun.“



Opni skólinn er m.ö.o. ný kennslufræðileg nálgun í uppbyggingu stoðþjónustu í Grundaskóla á Akranesi. Endanleg markmið er að Opni skólinn einkenni alla starfshætti skólans. Þrátt fyrir að skólinn sé einn fjölmennasti grunnskóli landsins með rúmlega 700 nemendur í 1. – 10. bekk þá er ekki síður mikilvægt, en í minni skólum, að ná að móta allt starf með áherslum inngildingar. Þetta á sérstaklega við vinnu er tengist stoðþjónustu skólans. Opni skólinn er róttæk formbreyting á stoðþjónustu skólans og hugmyndafræðilegri nálgun.

Nálgunin:

- Tekur m.a. mið af grunnhugsun við stofnun skólans þar sem áhersla var á að rjúfa mörk hefðbundinnar bekkjaskiptingar og námsskipulags eftir námsgreinum. Venjan er að stoðþjónusta taki mið af ákveðnum árgöngum eða skilgreindum þekkingaratriðum tengt greiningum. Um 35% nemenda hafa fengið einhverja greiningu eða eru á biðlista eftir greiningu. Þessir biðlistar eru mjög langir og í öllum tilfellum gengur út frá galla eða vandamáli hjá viðkomandi nemanda.

Opni skólinn er þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að endurskipuleggja alla stoðþjónustu skólans út frá nýjum áherslum í anda menntastefnu 2030 sbr. jöfn tækifæri fyrir alla þar sem áhersla verður á að taka mið af þörfum, getu og hæfni nemenda og vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins. Jafnframt er markmiðið að allt starf taki mið af þessum áherslum.

- Nýr Grundaskóli er í byggingu þar sem húsnæði skólans er skipulagt með hliðsjón af teymis og hópaskipulagi sem getur gengið þvert á aldurshópa og námsgreinar. Opni skólinn snýr að kennslufræðilegum áherslum sem samræmast þeim bygginga- og tæknilausnum sem skólabyggingin sjálf er mótuð um.



- Byggir á félagsfræðilegum nálgunum þar sem nám skal skipulagt út frá styrkleikum nemenda en ekki eingöngu greiningum eins og algengt er þegar stoðþjónusta skóla er skoðuð. Inngildandi skipulag er hér lykil hugtak með vísan í gildandi menntastefnusamning um jöfn tækifæri fyrir alla og sbr. Salamanga yfirlýsinguna frá 1995.
- Leggur áherslu á að Opni skólinn sé ekki opið veisluborð námstilboða eða sælgætisskál sem allir geta gengið í að vild. Þvert á móti þá er Opni skólinn valbundin nálgum sem byggir á áhugasviði og hæfileikum þeirra sem velja sér viðkomandi námsleið. Þannig fá nemendur að ljá rödd sína og gefst tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfi sitt sbr. áherslur í menntastefnu 2030 (Vellíðan í öndvegi - Rödd nemenda).

- Kennslan er miðuð við að mæta ólíkum þörfum nemenda sem læra með þátttöku sinni að skipuleggja nám sitt sjálfir og um leið hafa mikil áhrif á markmið og endanlegt námsmat.
- Leggur áherslu á að Opni skólinn sé ekki ein ákveðin leið heldur þvert á móti fjölbreytt kennslufræðilegt námsskipulag sem byggir á hópavinnu, þemanámi, einstaklingsvinnu en byggir í öllum tilfellum á þeim samnefnara að gefa nemendum tækifæri að nýta áhuga sinn og færni til að afla sér frekari þekkingar. Að nýta sér upplýsinga og samskiptatækni í því ferli.
- Leggur áherslu á að Opni skólinn er byggður upp á lýðskólaáherslum í þeirri merkingu að áhugasvið, viðhorf og persónuleiki þátttakenda vegur þyngst varðandi val á viðfangsefni og leiðum.
- Greiningar eða skilgreindir veikleikar eru ekki útgangspunktur í nálgun heldur þvert á móti er reynt að leita að og byggja á styrkleikum þátttakenda á hverju námskeiði. Markmiðið er vellíðan allra (sbr. menntastefna 2030), að vinna með jákvæðan vilja og hvetja til frekara náms.
- Þá er samvinna lykilhugtak í kennslufræðilegri nálgun. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda, kennara og foreldra. Þannig geta nemendur á ólíkum aldri unnið saman að ákveðnum verkefnum í þemabundinni nálgun. Einnig geta kennarar unnið saman í teymisvinnu þvert á námsgreinar og sérsvið. Þá geta foreldrar tekið þátt í námskeiðum og stundum getur slíkt verið krafa. Þ.e.a.s. að foreldrar taki þátt með börnum sínum.
- Byggir á ákveðnum lýðskólahugmyndum og að skólastarfið mótist af þátttöku alls skólasamfélagsins. Stoðþjónustan byggir á því sem þátttakendum langar að læra, hafa styrkleika til að takast á við og er hvatning til frekara náms. Hugsanlegt að sum námskeið séu opin aðilum utan skólans t.d. fyrir eldri borgara, atvinnulausa, fólk með skerta starfsgetu, framhaldsskólanema eða jafnvel börn á leikskólastigi.
- Þá er Opni skólinn byggður upp af leiðsagnarnámi og virkri þátttöku. Nemendur fá að velja sér viðfangsefni og eiga oftast en ekki hugmynd að því sem er tekið fyrir. Hér er um verkefnabundið nám að ræða þar sem efnistöð og nálgun er opin. Námsmat tekur mið af þeim markmiðum sem hópurinn setur í hverju tilfelli. Ekki er byggt á hefðbundnum prófum eða stöðluðu námsmati.
- Byggir kennslufræðileg nálgun í Opna skólanum á mikilli virkni og er leikur mikið notaður í kennslu. Borin er virðing og þeim treyst í námsvinnunni. Námsgögn og námsefni er fjölbreytt og námsumhverfi innan og utan skólans nýtt jafnhliða.

- Gerir ráð fyrir að Opni skólinn byggi á virkri teymishugsun og áhersla lögð á fjölbreytni í námi. Áhersla er lögð á skapandi hugsun og fara út fyrir kennslubókina í leit að jákvæðni og starfsgleði. Mörk hefðbundinnar kennslu og stoðþjónustu verða minni. Grunnþjónusta skóla nær til allra nemenda en ekki bara til þeirra sem standa höllum fæti í námi eða félagslega.
- Er lögð áhersla á að Opni skólinn sem almenn grunnþjónusta á fyrsta stigi farsældar styðji við farsæld barna með þessari nálgun. Ásamt því að vera þjónusta á fyrsta stig er menntun einnig er ein af grunnstoðum farsældar
- Í Opna skólanum er lögð áhersla á val og áhrif nemenda á námsleiðir, að styrkja grunn og viðhorf þátttakenda til náms, að byggja á styrkleikum og áhuga.
- Opni skólinn dregur nafn sitt af því að námsleiðirnar eru opnar. Ekki er stuðst við eitt ákveðið form. Allir geta tekið þátt, starfið nær út fyrir hefðbundnar stundatöflur skóla, árganga eða hópa. Allt skólasamfélagið getur í raun tekið þátt ef það hentar.
- Í Opna skólanum er unnið með bæði markmið og hlutverk. Hvert er t.d. hlutverk skólans, nemenda og foreldra í hverju verkefni.

Flug (Flugáætlun um 2025-2026)

Útfærsla þessa þriðja verkþáttar ræðst af þeirri þróun sem var mótuð á fyrstu tveimur stigunum. Markmiðið er að framkvæma það sem hefur verið undirbúið og að skólastarfið einkennist af þeim áherslum. Í samræmi við það á stoðþjónusta Grundaskóla að byggjast upp á nýjum áherslum í anda inngildingar og nýrri menntastefnu. Á sama tíma tekur Grundaskóli við nýjum skólabyggingum sem munu styðja við þetta ferli. Stefnan er sem fyrr að þessir starfshættir hafi áhrif á alla kennsluhætti skólans í framhaldinu.

Nánar er gert grein fyrir Flug – Flugáætlun Grundaskóla í seinna minnisblaði skólastjóra.